

Sp. 810. Tillaga til þingsályktunar [468. mál]

um eflingu ferðaþjónustu.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Helgi Seljan, Guðrún Agnarsdóttir, Karvel Pálmason, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir; Kolbrún Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna fyrir mitt þetta ár hversu mikið fjármagn þarf til að kosta þær framkvæmdir sem nauðsynlegar eru til að mæta 7—8% fjölgun erlendra ferðamanna á ári sem Ferðamálaráð áætla að muni verða. Enn fremur að leggja fram í tæka tíð fyrir gerð næstu fjárlaga tillögur um aukin fjárframlög til Ferðamálasjóðs svo að hann geti veitt lán til nauðsynlegra framkvæmda í samræmi við ofangreinda áætlun Ferðamálaráðs.

Greinargerð.

Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein sem líkleg er til að eiga verulegan þátt í öflun gjaldeyris á komandi árum ef markvisst og ötullega er unnið að uppbyggingu hennar.

Til er faglega unnin skýrsla, sem gerð var að frumkvæði Ferðamálaráðs árin 1982—83, um stöðu ferðamála og líklega þróun á þeim vettvangi allt til ársins 1992. Þegar er komið í

ljós að árlega fjölgar erlendum ferðamönnum mun meira en gert er ráð fyrir í skýrslunni og brýnt að endurmeta stefnuna í ferðamálum með hliðsjón af þeirri staðreynd. Í fyrrgreindri skýrslu er gert ráð fyrir að erlendum ferðamönnum fjölgi að meðaltali um 3,5% hér á landi frá 1984—1992. Fjölgun þeirra á s. l. ári nam hins vegar um 10% og allt bendir til að á þessu ári verði hún ekki innan við 7—8%.

Til þess að mæta þessari miklu fjölgun erlendra ferðamanna þarf að leita allra hugsanlegra leiða til að lengja ferðamannatímamann og auka nýtingu hótela og annarrar þjónustu sem þegar er fyrir hendi. Þá þarf að gera ráðstafanir til að hægt sé að gera ferðamönnum kleift að fara víðar um landið en til þess skortir tilfinnanlega aðstöðu víðast hvar utan höfuðborgarinnar og er brýnt að bæta úr þessu sem fyrst. Uppbygging ferðaþjónustu úti á landi hefur auk þess þann mikilvæga kost að skapa atvinnu í dreifbýlinu og stuðla að jafnvægi í byggð landsins sem ekki er vanþörf á einmitt nú.

Nauðsynlegt er að efla Ferðamálasjóð og gera honum kleift að veita lán með hagstæðum kjörum til uppbyggingar ferðaþjónustu um allt land. Er eðlilegt að ætla honum skerf af fjármagni Próunarfélagsins sem verið er að stofna um þessar mundir. Enn fremur hlýtur hluti af uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni að flokkast undir eflingu atvinnu í stað hefðbundinna búgreina.

Jafnframt því sem brugðist er með skjótum hætti við skyndilegri fjölgun ferðamanna þarf að móta stefnuna í uppbyggingu ferðaþjónustu í framtíðinni hér á landi með eftirfarandi markmið í huga:

Átaks og samræmingar er þörf í landkynningu og sölustarfsemi á sviði ferðamála. Nú þegar endurskoðun og nýskipan á sér stað í útflutningsmálum okkar er mikilvægt að ferðamálin verði þar ekki út undan.

Leggja ber áherslu á varðveislu þeirra séríslensku þátta sem heilla erlenda ferðamenn mest, þ. e. sérstæða óspillta náttúru, ómengað loft og tært vatn.

Nýta þarf náttúrlegar aðstæður til að reisa heilsustöðvar og stefna að því að bjóða útlendingum þjónustu á sviði heilsuræktar og lækninga.

Vinna ber skipulega að því að laða hingað fjölþjóðlegar ráðstefnur sem mest utan aðalferðamannatímans en slíkar ráðstefnur eru einn arðbærasti þáttur ferðamála þar eð ráðstefnugestir eyða hlutfallslega meiri gjaldeyri að meðaltali en hinn venjulegi ferðamaður.

Síðast, en ekki síst, er mikilvægt að koma upp menntunarskilyrðum fyrir þá sem að ferðamálum starfa. Þeim þætti hefur verið allt of líttill gaumur gefinn og ekki seinna vænna að taka þar til hendi. Nú stendur til að reisa hótél- og veitingaskóla í tengslum við Menntaskólann í Kópavogi og sjálfsagt að nota tækifærið og byggja þar frá grunni alhliða námsbraut á sviði ferðamála.

Talið er að ferðaþjónusta hafi skilað rúmlega tveimur milljörðum króna í þjóðarþúið á s. l. ári. Um 1100 milljónir króna voru gjaldeyrir sem ferðamenn skiptu hérlendis. Um 930 milljónir króna skiluðu sér um flugfélögin. Þetta nemur um 8% af útflutningsverðmætum þjóðarþúsins og fyrir þessum verðmætum unnu 5—6% af mannafla þjóðarinnar.

Okkur Íslendingum er brýn nauðsyn á að auka gjaldeyristekjur okkar með öllum ráðum til þess að ná okkur upp úr feni erlendra skulda. Einn af vænlegri kostum í þeim efnum er efling ferðaþjónustu.

Að lokum skal minnt á að ferðaþjónusta er atvinnuvegur sem býður upp á fjölbreytt störf sem flest virðast henta konum vel. Breyttir atvinnuhættir, tæknivæðing og aukin sérhæfing hefur bitnað í ríkara mæli á konum en körlum og þær oftast í meiri hluta atvinnulausra. Það er staðreynd sem ekki má gleymast við uppbyggingu atvinnulífs á Íslandi.